

INNFLYTJENDUR Á ÍSLENSKUM VINNUMARKAÐI: ÁHRIF SAMSKIPTA Á UPPLIFUN AF STÖÐU OG VALDI VIÐ SAMNINGABORÐIÐ

Þóra Christiansen, aðjunkt, Háskóla Íslands
Erla S. Kristjánsdóttir, lektor, Háskóla Íslands

Markmið rannsóknarinnar er að auka innsýn í stöðu innflytjenda með háskólamenntun á íslenskum vinnumarkaði og möguleika á samþættingu hagsmuna starfsmanna og vinnuveitenda í samningum um störf. Niðurstöður rannsókna hafa bent til að mikið vanti upp á að menntun og sérfræðipækning innflytjenda á íslenskum vinnumarkaði nýtist að fullu og er einungis um helmingur þeirra sem eru sérfræðimenntaðir í sérfræðistörfum hér á landi.

Tekin voru 13 hálf opin djúpvíðtöl við háskólamenntaða innflytjendur á Íslandi. Víðtölin voru greind samkvæmt aðferðum fyrirbærafræðinnar: *lýsing, samþætting og túlkun*.

Neikvæð áhrif sem viðmælendur upplifa eru m.a. fordómar, útilokun, tungumála- og samskiptaörðugleikar, skortur á upplýsingum og tengslaneti, auk vantrausts á menntun og verðleika. Flokka má þessa upplifun viðmælenda af áhrifum á samningsstöðu sína í tvo meginþætti, vald (*power*) og stöðu (*status*). Upplifun á valdi ræðst af 1) mati á einstöku framlagi; 2) mati á eigin færni; og 3) mati á öðrum möguleikum. Upplifun á stöðu ræðst af 1) viðmóti annara, þ.e. hversu jákvætt/neikvætt, fordómafullt/fordómalaust; 2) þátttöku í samskiptum og tengslaneti; og 3) því að vera metin að verðleikum. Upplifun starfsmanns af stöðu sinni og valdi við samningaborðið getur ráðið miklu um það hvort hann deilir hagsmunum sínum og kemur þekkingu sinni og reynslu á framfæri.

Sérfræðipækning innflytjenda með háskólamenntun er auðlind sem fer forgörðum ef hún nýtist ekki í starfi og því er það hagsmunamál bæði starfsmanns og vinnuveitanda að nýta hana. Þessi rannsókn leitast við að skoða hvernig innflytjendur á íslenskum vinnumarkaði upplifa samskiptin og samningsstöðu sína gagnvart yfirmanni og vinnuveitanda með áherslu á að greina þá þætti sem hindra (eða auðvelda) möguleika á samþættingu hagsmuna öllum aðilum til hagsbóta.